

Síðan stekkur hann upp og hringir óþolinmóðlega.

"Hvíthærður, fökur þjónn flýtti sér inn til hans og beygir höfuð sitt fyrir honum.

"Er hann Hans ekki kominn aftur enn þá?" segir greifinn.

"Ekki enn þá, náðugi greifi. Eg er hræddur um, að hann komi öldungis ekki í svona óveðri."

Dynan greifi hafði á yngri árum sínum oft og tíðum sýnt ljós merki þess, hve vel hann kunni að stilla skap sitt, þegar hann var í sendiherra-stöðu, en nú skelfur hann eins og hrísla í skógi við þessa frétt.

"Hvað á nú að gera?" segir hann með mestu örvæntingu og kastar augunum til dyranna að herberginu, þar sem barnsgráturinn hafði heyrst inni fyrir.

"Greifinnan litla hefir vaknað aftur, hefi eg heyrt," sagði þjónninn gráhærði í lágum róm, "en með guðs hjálp vonast eg þó eftir, að konu minni takist að hugga hana," og með dygðar-djarfleið þeim, sem oft er einkennilegur fyrir gamla þjóna, leit hann einlægum hollustu-augum á húsbónda sinn og bætti við í lágum hljóðum: "Örvæntið ekki, náðugi herra greifi, það er hungrið, sem að henni gengur — — en það getur verið, að sú litla venjist við — — og þá þurfum við enga læknisdóma og enga brjóstmylkta barnfóstru og þá eru allar sorgir úti. Gráturinn sá arna lætur ætíð ver í eyrum, en hann í raun og veru er."

Dynar greifi leit til hans einsog í draumi og gekk inn í hina stofuna.

Herbergisþerna látnu greifafrúarinnar heldur á vikugömlu barni þeirra hjónanna í fangi sínu og reynir til að láta barnið drekka eitthvað sér til lífsbjargar úr flösku. Þar á bak við situr gráhærð